Greinagerð Amtsbókasafnsins í Stykkishólmi fyrir fund safna-og menningarmálanefndar 25. febrúar 2026

Frá síðasta fundi eru búin að vera tvö prjónakvöld. Laugardaginn 29. nóvember var opið frá 11 til 13 og haldin Línuhátíð í tilefni þess að árið 2025 voru 80 ár frá útgáfu fyrstu bókarinnar um Línu Langsokk. Boðið var upp á ratleik, létt föndur í anda Línu og Línulegar veitingar. Hátíðin var vel sótt og vel heppnuð.

Þriðjudaginn 11. desember var jólasögustund. Lesin var sagan Einstakt jólatré og litaðar myndir í stíl. Svo voru léttar veitingar.

Á föstudegi fyrir Hræðilega helgi var boðið upp á hræðilegan ratleik með hjátrúar þema. Hann var vel sóttur, bæði af Hólmurum og gestum.

Á döfinni

Í vetrarfríi GSS verður boðið upp á létta dagskrá. Dagskrá tengd sjálfbærnimarkmiðum Sameinuðu þjóðanna í kringum viku 17. Safnið mun hýsa hluta kvenfélagsins Hringsins af Eyrbyggjureflinum. Kvenfélagskonur geta því komið á safnið að sauma og mögulegt er að hafa sýningu á reflinum og sögu hans yfir sumarið. Krzysztof Bernadzki verður með nokkrar hamingjusmiðjur í ljósmyndasalnum á vormánuðum. Náttúrufræðistofnun og Breiðafjarðarnefnd verður með kynningu á örnefnaverkefni sínu 9. apríl. Vorfundur Samtaka forstöðumanna almenningsbókasafna á Fosshótel 4.-5. maí.

Nanna Guðmundsdóttir
24. febrúar 2026